

PÓRIR SÆMUNDSSON
Stóllinn hans afa er
kominn á réttan stað
• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



RÁÐHERRAR VINSTRI GRÆNNA
Á tveimur jafnfljóttum
Ætla að virkja fæturna
FÓLK 22



Súpubarinn
– í Hafnarhúsinu
„holtt í hádeginu“

FRÉTTABLAÐIÐ

9. febrúar 2009 — 35. tölublað — 9. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR
Seint metið til fjár
Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir fagnar 30 ára leikafmæli.
TÍMAMÓT 12



Framleiðir leikrit með Titanic-stjörnu
Óskar Eiríksson framleiðir leikritið Sexy Laundry sem er tilnefnt til þrennra verðlauna hjá LA Weekly.
FÓLK 22

Afmælisveisla undirbúin
Svali og félagar taka mið af kreppunni fyrir tvítugsafmæli FM.
FÓLK 16

Valsmenn í bikarúrslitin
Valur leikur til úrslita í Eimskipsbikar karla annað árið í röð.
ÍÞRÓTTIR 18



VEÐRIÐ Í DAG

Litlar breytingar í dag verða norðaustlægar og austlægar áttir, hægviðri norðaustan til en annars hvassara. Nokkuð bjart á vestanverðu landinu en annars skýjað með köflum og él á stöku stað.
VEÐUR 4

muundu eftir mjólkinni!

muu

Milljarðar í ónýttum lögnum í mannlausum hverfum

Um 2,6 milljarða króna fjárfesting Orkuveitu Reykjavíkur liggur í vannýttum lögnum í úthverfum. Dæmi um skipulagsleysi á höfuðborgarsvæðinu. Miklir fjármunir sveitarfélaganna hafa farið í uppbyggingu.

SKIPULAGSMÁL Orkuveita Reykjavíkur hefur fjárfest fyrir um 2,6 milljarða króna í lögnum í hverfum sem fáir eða engir búa í. Þetta telst vannýtt, eða ónýtt, fjárfesting, þar sem litlar sem engar tekjur skila sér á móti. Þetta þykir dæmi um þá efnahagslægd sem þjóðin er í, en ekki síst um það skipulagsleysi sem ríkt hafi á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélög hafi reist fjölda hverfa án nokkurs samráðs og beinlínis í samkeppni um íbúa. Þannig sé byggingarmagn á svæðinu langt umfram þörfina. Orkuveitan kemur upp dreifikerfum fyrir

hita, rafmagn, skólp og gagnaflutninga áður en fólk flytur í ný hverfi og tengir inn á dreifikerfi sitt. Lítið er á þetta sem góða fjárfestingu, þar sem væntanlegir notendur greiða fyrir þjónustuna. Nú ber hins vegar svo við að heilu hverfin standa auð eða eru fámenn og því eru tekjurnar mun lægri en reiknað var með. Meðal þeirra hverfa sem þetta á við um eru Helgafellssíða í Mosfellsbæ, Vatnsenda-hlíð í Kópavogi, Úlfarsárdalur í Reykjavík, Vellir í Hafnarfirði og Urriðaholt í Garðabæ. Auk þeirra eru misjafnlega vel nýtt nýbyggingahverfi víðar á veitusvæði Orku-

veitunnar á Akranesi, í Hveragerði, á Helli og víðar. Ofan á þessa 2,6 milljarða leggjast fjárfestingar sveitarfélaganna sjálfra. Skipulag, gatnagerð, gangstéttar og ýmis frágangur hleypur á háum upphæðum. Þá má reikna inn í aukinn hlutfallslegan kostnað við það að reka hverfi með fáum íbúum, svo sem lítið nýtta skóla með auknum skólaakstri, snjómokstur í hálfótum hverfum og svo framvegis. Þá hafa verktakar lagt í mikinn kostnað við byggingar í hverfunum sem ekki hefur fengist greiddur þar sem ekkert selst. - kóp



ALVEG NIÐUR Á TÚN Fjölmenni naut veðurblíðunnar í Ártúnsbrekku í gær og renndi sér á hvers kyns farskjóttum niður snævi þakta brekkuna ofan Elliðaárdalsins. Meðal þeirra var Sigurjón Þ. Arnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, sem undi sér vel í bjartviðrinu með fjölskyldu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Sundafrek 56 ára konu: Fyrst syndandi yfir Atlantshaf

ÞÚERTÓ RÍKÓ, AP Jennifer Figge, 56 ára gömul sundkona frá Colorado í Bandaríkjunum, varð í gær fyrsta konan til að ljúka sundi yfir Atlantshaf þegar hún sté á land í mjúkan fjörusandinn á Karíbahafssýnni Trínidad. Figge hóf sundið á Grænhöfðaeyjum 12. janúar. Hún synti í sérsmíðuðu búi til að verjast hákörnum. Þar sem hún ætlaði sér að ljúka sundinu á Bahamaeyjum ætla hún ekki að láta staðar numið á Trínidad heldur klára ætlunarverkið með því að synda líka síðasta áfangann þangað. Nákvæm vegalengd sundsins hafði ekki verið reiknuð út í gær. Figge lauk sínu sundi tíu árum eftir að Frakkinn Benoit Lecomte varð fyrsti maðurinn svo vitað sé til að ljúka 6.400 kílómetra sundi yfir Atlantshafið. - aa



JENNIFER FIGGE

Davíð Oddsson ætlar ekki að víkja sem seðlabankastjóri þrátt fyrir tilmæli:

Situr fram að setningu laga

STJÓRNMÁL Davíð Oddsson ætlar ekki að víkja sem seðlabankastjóri og situr, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að öllum líkindum þangað til ný lög um Seðlabankann taka gildi. Óljóst er hvenær gildistaka laganna verður en frumvarpið fer til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd í dag. Davíð svaraði beiðni Jóhönnu um að víkja sem bankastjóri í gær-dag og sakaði forsætisráðherra

þar um lögbrot í harðorðu bréfi. Þar hafnar hann því að víkja. Jóhanna sendi frá sér yfirlýsingu vegna bréfs Davíðs seint í gærkvöldi. Þar lýsir hún vonbrigðum með afstöðu Davíðs og segir greinilegt að hann deili ekki mati ríkisstjórnarinnar um að manna-breytingar í Seðlabankanum séu til þess fallnar að auka traust bankans. Að öðru leyti mun hún ekki tjá sig.



Samkvæmt heimildum hyggst Jóhanna ekki víkja þeim Davíð og Eiríki Guðnasyni úr stól seðlabankastjóra, heldur bíða þess að ný lög um bankann taki gildi. Með nýjum lögum víkja þeir sjálfkrafa og eiga rétt til tólf mánaða biðlauna frá gildistöku. Fyrr hafði Ingimundur Friðriksson orðið við beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur.

- shá / sjá síðu 2

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur
SUBWAY
6 tommu bátur
349 kr.
Gildir í febrúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli


Kringlan

Útsala
Götumarkaður
Opið til 18.30



Utandagskrárumræða um hvalveiðar fer fram á Alþingi á mánudag. Jón Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki, er málshjafi en Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, verður til andsvara.

Eins og áætlunin var samþykkt í janúarlok frá fulltrúa-
deildinni kvað hún á um yfir
820 milljarða dala viðbótariinn-
spýtingu í efnahagslífið, en samkvæmt málamiðl-
uninni í öldungadeildinni hefur hún verið skorin




Einn helsti efnahagsmálaráðgjafi Obama spáði því í gær að bandarískar atvöru- og vaxtarstarf væri nú framundan til að tryggja þingdeilda.

Þá hefur blaðið eftir heimildum að samhliða nállstillingu stýrivaxta muni bankinn kaupa ríkisskuldabréf og fyrirtækjabréf banka og fyrirtækja í þeim tilgangi að koma efnahagslífinu á réttan kjöl.

Davíð skýtur föstum skotum að Jóhönnu í svarbréfinu. Hann segir að upphafleg ósk hennar sem send var bréfleidis „með lítt dulbúnum hótunum“ einsdæmi hér á landi, og líklega um allan hinn vestræna heim. „Lög sem eiga að tryggja sjálfstæði seðla-

Það gleður mig, að jafnvel þeir sem helst vilja leggja til mín hafa ekki getað fundið neitt málefna-
lega athugavert við störf mín ...



Gylfi Magnússon viðskiptaráð-
herra hafnar þessari fullyrðingu.
„Stofnunin var með starfandi
forstjóra sem er öllum hnútom-
kunnugur.“
svavar@frettabladid.is,
bjorn@frettabladid.is

„Frá upphafi stjórnarmyndunarviðræðna Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs lá fyrir að lögð var áhersla á að fá utanaðkomandi fagaðila til þess að gegna embætti ráðherra bankamála og dómsmála.“

Mohammed Khatami, fyrrverandi Íransforseti, lýsti því yfir í gær að hann hygðist sækjast eftir kjöri í embættið á ný. Þar með stefnir í átök milli fylkinga harðlínumannanna sem halda nú um stjórnartaumana og umbótasinnna sem Khatami fer fyrir og vilja vinsamlegri tengsl við Vesturlönd.

komnir til meðvitundar undir kvöld. - sh

N1.IS

Gengi evru er 119 kr. hjá okkur * Gerðu verðsamanburð !!



KYRON

Hluti af staðalbúnað:

- ✓ Mercedes Benz vélbúnaður
- ✓ Mercedes Benz sjálfskipting
- ✓ Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- ✓ Dana - Spicer hásingar
- ✓ Preföld C-bitagrind - Eykur styrk

- ✓ 4 Öryggisloftpúðar
- ✓ Litaðar rúður
- ✓ ABS - Hemlalæsisvörn
- ✓ Álfelgur
- ✓ Pakbogar

- ✓ Hraðastillir
- ✓ Aðgerðarstýri og 6 hátalarar
- ✓ Hiti í sætum
- ✓ Þjófavörn
- ✓ Olíunotkun aðeins 8,7 l í bl. akstri

VERÐ 4.490.000,-

VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ
www.benni.is

Til samanburðar við bíla með háu og lágu drifi.

Samkvæmt verði frá sölumönnum og heimasíðum umboða 5.febrúar 2009.



KIA Sorento Classic
Verð kr. 6.590.000



Toyota Land Cruiser 3,0 D-4D GX
Verð kr. 8.480.000,-



Nissan Pathfinder SE
Verð kr. 8.150.000,-

* Eigum nokkra SsangYong bíla tollafgreidda á gengi EUR 119



Kyron

er fullvaxinn jeppi, byggður á grind og með hátt og lágt drif. Xdi túrbodíselvélin er með tvo ofanáliggjandi kambása og fjóra ventla í hverju brunahólfi. Eldsneytiskerfið er þriðju kynslóðar (Common Rail) með rafstýrðum spísum sem ýra beint inn í brunahólfið. Vélin er áberandi hljóðlát og þýðgeng og eyðir aðeins 8,7 l á 100 km. í blönduðum akstri.

Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum. Alltaf heitt á könnunni.

**Bílahúð
Benna**

Tangarhöfða 8-12 • Sími 590 2000

Bílahornið hjá Sissa - Reykjanesbæ - Brekkustíg 38 - Sími 420 3300
Bílasalan ÓS - Akureyri - Glerárgötu 36 - Sími 462 1430

GENGIÐ 06.02.2009			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	113,79	114,33
	Sterlingspund	166,99	167,81
	Evra	145,53	146,35
	Dönsk króna	19,526	19,64
	Norsk króna	16,63	16,728
	Sænsk króna	13,798	13,878
	Japanskt jen	1,2452	1,2524
SDR		169,5	170,52
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		181,1448	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Breytingar í NV-kjördæmi: Sturla og Herdís hætta á Alþingi

STJÓRNMÁL Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis og ráðherra, ætlar ekki að bjóða sig fram til áframhaldandi þingsetu í komandi alþingiskosningum. Herdís Þórðardóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur einnig tilkynnt að hún hyggist hætta á þingi.

Bæði eru þau þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Herdís settist á þing árið 2007 eftir að þingmaðurinn Einar Oddur Kristjánsson féll frá.



TJÁÐI HUG MARGRA Að sið araba er það móðgandi að sýna manni skósólan.

Skókastarinn í Írak: Látinn svara til saka fyrir árás

ÍRAK, AP Íraska fréttamanninum, sem kastaði skóm sínum að George W. Bush, þáverandi Bandaríkjaforseta, hefur verið gert að koma fyrir rétt 19. febrúar næstkomandi og svara til saka fyrir upprunalega ákæru; árás á erlendan þjóðhöfðingja.

Hinn ákærði, Muntadhar al-Zeidi sem er hetja í augum margra landa sinna fyrir skókastið fræga, hefur verið í varðhaldi síðan hann lét Bush kenna á því á blaðamannafundi í Bagdad 14. desember. Til stóð að draga hann fyrir rétt strax í desember, en verjendur hans fengu því frestað og reyndu að fá ákæruna mildaða í að hann hafi aðeins móðgað hinn tigna gest.

4

FRÉTTABLAÐIÐ

9. febrúar 2009 MÁNUDAGUR

Forsætisráðherra hefur skipað ráðgjafarhóp um breytingar á stjórnarskránni:

Frumvarp lagt fram fljótlega

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur sett á fót ráðgjafarhóp til að vinna tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, mun leiða ráðgjafarhópinn, sem undirbýr frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem lagt verður fram á Alþingi á næstu vikum. Aðrir í hópnum eru Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, og Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.

Hópnum er falið að gera tillögu um stjórnarskrárákvæði



BJÖRG THORARENSEN



BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR



GÍSLI TRYGGVASON

um auðlindir í þjóðareign, þjóðar- atkvæðagreiðslur og aðferð við breytingar á stjórnarskrá með sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu. Í erindisbréfi er þess óskað að ráðgjafarhópurinn meti hvort rétt sé að

gera tillögu um fleiri stjórnarskrárbreytingar, einkum varðandi umhverfisvernd.

Hópurinn mun hefja undirbúning lagasetningar varðandi stjórnlagabing eftir komandi alþingiskosningar og móta tillögur um nauðsynlega lagasetningu og eftir atvikum setningu bráðabirgðaákvæðis í stjórnarskrá. Forsætisráðherra mun að fengnum tillögum framangreindra sérfræðinga hafa samráð við alla flokka, sem fulltrúa eiga á Alþingi, áður en frumvarp til stjórnarskipunarlaga verður lagt fram á Alþingi.

- shá



BARÁTTA Liðsmenn slökkviliðs Viktoríufylkis kljást við eldinn í skóglendi nærri bænum Kinglake austur af Melbourne.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæðar hamfarir geisa í Ástralíu

Skógareldar sem nú geisa í Suðaustur-Ástralíu eru þegar orðnir þeir mannskæðustu í sögu landsins. Yfir 700 heimili hafa orðið eldinum að bráð og yfir 100 manns höfðu í gær fundist látnir. „Þjóðarharmleikur“ segir forsætisráðherrann.

ÁSTRALÍA, AP Heilu bæirnir hafa þurrkast út af landakortinu í skógareldum sem geisa í Suðaustur-Ástralíu. Eftir því sem næst varð komist í gær höfðu minnst 108 manns týnt lífi í hamförunum. Þetta eru þar með mannskæðustu skógareldar í sögu byggðar í landinu.

Hitabylgja og mikill vindur ollu því að skógareldarnir breiddust út með ógnarhraða á stóru svæði í Viktoríuríki. Að minnsta kosti 700 heimili urðu eldinum að bráð. Þeir 84 sem vitað var til í gær að hefðu farist brunnu inni í húsum sínum. Óttast var að fleiri fórnarlömb ættu eftir að finnast þegar björgunarsveitir komast að fleiri brunnum húsum.

„Helvíti í öllu sínu veldi hefur

sótt hið góða fólk Viktoríufylkis heim,“ sagði Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu. „Þetta er hrikalegur harmleikur fyrir alla þjóðina.“

Ösku rigndi og tré bókstaflega sprungu í bálinu, að sögn vitna. Loft-hiti allt að 47 gráðum og snarpur vindur sköpuðu kjöraðstæður fyrir útbreiðslu skógareldanna.

Bærinn Marysvill og nokkur þorp þar í nágrenninu, til að mynda Kinglake um 50 km norður af Melbourne, jöfnuðust við jörðu í eldhafinu.

Séð úr lofti var hamfarasvæðið ein rjúkandi, biksvört rúst, eins langt og augað eygði. Ekkert nema kolaðir trjástubbar voru eftir af heilu skógunum, á vegum saust brunnin bílflök og nærri því hvert

einasta mannvirki var rjúkandi rúst. Að sögn talsmanna slökkviliðs Viktoríufylkis hefur um 2.200 ferkílómetra svæði orðið eldinum að bráð.

Slökkviliðið óttast að þótt hitastig hafi lækkað talsvert þá blási enn vindar sem beint geti skógareldunum í óútreiknanlegar áttir. Þúsundir sjálfboðaliða börðust við elda á um 30 stöðum í gærkvöldi. Að sögn talsmanna slökkviliðsins gæti það tekið marga daga að ráða niðurlögum eldanna, jafnvel þótt lofthitinn héldist lágur.

Síðustu hamfara-skógareldar í Ástralíu geisðu árið 1983, en þeir urðu 75 manns að aldurtila og brenndu yfir 3.000 heimili í fylkjunum Viktoríu og Suður-Ástralíu.

audunn@frettabladid.is

Málefni kvenna í Írak:

Ráðherra hætta í mótmælaskyni

ÍRAK, AP Ráðherra málefna kvenna í Íraksstjórn hefur sagt af sér, aðeins hálfu ári eftir skipun í embætti, í mótmælaskyni við að embættinu hefur ekki verið látið í té þau meðul sem það þarf á að halda til að starfa.

Verkefnið sem embættinu er ætlað að sinna – að bæta aðstæður stríðshrjáðra kvenna – er yfirþyrmandi. Kvenþingmenn á Íraksþingi hafa skorað á ráðherrann, Nawal al-Samarraie, að hætta við að hætta. Hún hefur kvartað yfir því að embætti hennar sé ekki fullgilt ráðuneyti og hafi hvorki fengið viðunandi mannskap né fjárráð til að sinna hlutverki sínu.

- aa

Norðmenn örva efnahaginn: Setja milljarða í bankakerfið

NOREGUR, AP Norska ríkisstjórnin samþykkti í gær að leggja fram frumvarp um

stofnun sjóðs sem í verði eitt hundrað milljarðar norskra króna, jafnvirði 1.700 milljarða íslenskra króna. Fjármunirnir verða nýttir til að hleypa nýju blóði í norskt efnahagslíf.

Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, segir helming fjármagnsins renna til norsku bankanna svo þeir blási á ný lífi í útlánastarfsemi sína.

- jab

Alþingiskosningar 2008: Kosningalög til endurskoðunar

KOSNINGAR Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur falið Þorkeli Helgasyni stærðfræðingi að stýra vinnu við undirbúning hugsanlegra breytinga á kosningalögum fyrir komandi kosningar.

Þetta er gert í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að kosningalögum verði breytt með þeim hætti að opnaðir verði möguleikar á persónukjöri í kosningum til Alþingis. Samráð verður haft við fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi í þessari vinnu.

- shá

KJARAMÁL

Lögmaður til starfa

Stjórn Félags prófessora hefur fengið lögmann til að gæta réttinda félagsmanna. Lögmaðurinn mun skoða lagalega stöðu prófessora og skila álit. Prófforar eru óánægðir með aukna kennsluskyldu.



ostur.is

Veldu létt

... og mundu eftir ostinum!






Soffía Sveinsdóttir

Veðurfréttamaður

ÁFRAM FROST

Lítilla breytinga er að vænta í veðrinu næstu daga. Það verða norðlægar áttir ríkjandi með tilheyrandi bjartviðri sunnan og vestan til en norðaustanlands verður þungbúnara og hætt við smá snjókomu eða eljum. Áfram verður kalt í veðri.



Á MORGUN

3-10 m/s

Hvassast austan til.

MÍÐVIKUDAGUR

Viða hægur vindur, hvassast vestan til.

HEIMURINN

Alicante	15°
Bassel	4°
Berlín	4°
Billund	2°
Eindhoven	5°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	22°
London	4°
Mallorca	16°
New York	6°
Orlando	24°
Ósló	-6°
París	7°
San Francisco	11°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Dæmi um afslátt og styrki fyrir skráða atvinnulausa

Nám sem kostar 199.000

- 25% afsláttur NTV = 49.750

- Styrkur Vinnumálastofnunnar* = 70.000

- Styrkur stéttarfélags = **Kannaðu rétt þinn!!!**

MENNTUN ER BESTA SÓKNIN!

YFIRLIT YFIR SPENNANDI NÁMSKEIÐ SEM BYRJA Í FEBRÚAR

STARFSNÁM

Skrifstofu- og tölvunám - 258 stundir - Verð: 199.000

Hagnýtt og uppbyggjandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína. Próf í tölvugreinunum gefa alþjóðlegt skírteini.

Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

- Morgunnámskeið byrjar 2. mars
- Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 9. mars
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. febrúar

Sölu- og markaðsnám - 264 stundir - Verð: 229.000

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

- Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. febrúar

Grunnnám í bókhaldi - 108 stundir - Verð: 99.000

Bókhaldsnámið er hagnýtt og hnitmiðað og er markmiðið að þjálfar fólk til að starfa við bókhald. Námið hentar einnig þeim sem eru með sjálfstæðan atvinnurekstur eða hyggja á að stofna eigið fyrirtæki og vilja öðlast skilning á bókhaldi. Í tölvubókhaldshluta námsins er kennt á Navision sem er eitt mest notaða bókhaldsforritið á markaðinum í dag.

- Morgunnámskeið byrja 17. mars
- Kvöldnámskeið byrjar 9. febrúar

GRAFÍSKT NÁM

Auglýsingatækni - 156 stundir - Verð: 196.000

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga.

Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

- Kvöldnámskeið byrjar 23. febrúar

Photoshop Expert - 72 stundir - Verð: 112.000

Námskeið fyrir þá sem vilja fá dýpri á nær óendanlegum möguleikum þessa frábæra verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

- Kvöldnámskeið byrjar 16. febrúar

Alvöru vefsíðugerð - 210 stundir - Verð: 209.000

Alvöru námskeið í vefsíðugerð þar sem farið er í alla mikilvægustu þætti vefhönnunar s.s. útlitshönnun, myndvinnslu, HTML-kóðun, gagnagrunnsfræði, Javascript, uppsetningu og viðhald bæði minni og stærri vefsvæða. Í lok námskeiðs ætti nemandi að hafa lokið við eigin vef frá hugmynd að fullunni vefsvæði.

Námskeiðinu er skipt í þrjá sjálfstæða hluta sem einnig er hægt að taka hvern fyrir sig:

- 1 - Myndvinnsla fyrir vefinn með Fireworks (54 stundir)
- 2 - Almenn vefsíðugerð með Dreamweaver (72 stundir)
- 3 - Gagnagrunnstengd vefsíðugerð með Dreamweaver (84 stundir)

- Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 23. febrúar

**Þarf að sækja um hjá ráðgjafa vinnumálastofnunnar*



Upplýsingar og skráning: **544 4500 / www.ntv.is**

KJÖRKASSINN



Finnst þér ný ríkisstjórn fara vel af stað?

Já	62%
Nei	38%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu búin(n) að lesa bréf Davíðs Oddssonar til Jóhönnu Sigurðardóttur?

Segðu skoðun þína á vísir.is.

vísir

Þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss:
Samþykkja
frjálsa för fólks

SVISS, AP Með afgerandi meirihluta atkvæða, 59,6 prósent, samþykktu kjósendur í Sviss í gær samkomulag við Evrópusambandið um að frjáls för launafólks milli ESB-landa og Sviss skuli líka gilda fyrir borgara Rúmeníu og Búlgaríu, nýjustu aðildarríkja ESB.

Hefði niðurstaðan orðið á hinn veginn hefði það getað sett alla tvíhliða samninga Sviss við ESB í uppnám, en þar sem Sviss er ekki aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eins og hin EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Liechtenstein hafa Svisslendingar þess í stað gert röð tvíhliða samninga um aðgang að innri markaði Evrópu.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:
Þórlindur og
Erla Ósk fram

STJÓRNMÁL Þórlindur Kjartansson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, og Erla Ósk Ásgeirsdóttir, fyrrverandi formaður Heimdalls, gefa bæði kost á sér í sameiginlegu prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavíkarkjördæmunum tveimur, sem haldið verður um miðjan mars. Þórlindur sækist eftir fjórða sæti og Erla því fimmta.

Þá hefur forritarinn Jóhannes Birgir Jensen lýst yfir framboði til formennsku í Sjálfstæðisflokknun, en kosid verður um nýjan formann á landsfundi 26. til 29. mars.

STJÓRNMÁL

Vinstri græn halda forval
Vinstrihreyfingin - grænt framboð hefur ákveðið að efna til forvals fyrir komandi alþingiskosningar í Reykjavíkarkjördæmunum tveimur. Kjörstjórn leggur til að forvaldið fari fram 6. mars og framboðsfrestur sé til 19. febrúar.

Viðskiptaráðherra vill losa erlenda aðila við krónur án þess að gengið falli:

Reynir að semja við eigendur

EFNAHAGSMÁL Viðskiptaráðuneytið reynir nú að semja við eigendur jöklabréfa, og hluta af erlendum aðiljum sem eiga 550 milljarða hér á landi. Þetta staðfestir Þorfinnur Ómarsson, upplýsingafulltrúi viðskiptaráðuneytisins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur meðal annars til greina að færa eignirnar í langtíma ríkisskuldabréf, eða að lífeyrissjóðir eða aðrir kaupi þær með afslætti. Einnig kemur til greina að bjóða fjármagnseigendunum að afskrifa hluta upphæðarinnar gegn því að losna með það sem eftir stendur úr landi. Þorfinnur staðfestir að þetta séu



KAUPHÖLLIN Erlendir aðilar eiga um 550 milljarða króna hér á landi sem eru fastir vegna gjaldeyrishafta.

meðal þeirra leiða sem hafi verið nefndar.
Erlendir aðilar eiga um 550

milljarða króna hér á landi, sem eru fastir vegna gjaldeyrishafta. Um 250 milljarðar liggja í jökla-bréfum, 150 milljarðar í ríkisskuldabréfum og önnur eins upphæð í innstæðum í íslenskum krónum, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum. Hagfræðingar hafa lýst áhyggjum af því að hverfi þessir erlendu fjárfestar með fé sitt úr landi geti gengi krónunnar fallið.

Þorfinnur segir markmiðið með því að hafa samband við erlenda aðila sem eigi eignir í krónum að koma í veg fyrir að gengið falli vegna þeirra þegar gjaldeyris-höftum verður aflétt.

Eignirnar duga fyrir einum sjötta skulda

Yrðu eignir Baugs í Bretlandi seldar nú fengjust 25 milljarðar króna fyrir þær. Sögu félagsins er lokið. Jón Ásgeir Jóhannesson segist óviss um framtíðina.

VIÐSKIPTI „Ég er með tuttugu þúsund pund á ári fyrir stjórnarsetu í Iceland en ekki með aðgang að bfl og þyrllu. Annað er þvæla,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs.

Hann segir fréttir breskra fjölmiðla frá í gær um sérstök fríðindi vegna stjórnarsetu í fyrirtækjum sem hann sitji í ásamt Gunnari Sigurðssyni, forstjóra Baugs, fráleitar.

Jón Ásgeir er stjórnarformaður matvörukeðjunnar Iceland og stjórnarmaður í House of Fraser, leikfangaversluninni Hamleys og skartgripakeðjunni Aurum, sem skilanefnd Landsbankans gekk að veði í í síðustu viku. Fyrir stjórnarformennskuna fær hann tuttugu þúsund pund, jafnvirði 3,3 milljóna króna, á ári. Fríðindi eru engin.

„Ég hef ekki verið beðinn um að hætta í stjórnun þeirra,“ segir hann og vísar til tilkynningar skilanefndar Landsbankans frá í síðustu viku að Baugur hafi skuldbundið sig til að vinna með bankanum og hámarka virði eignanna. „Við eigum að forða þeim frá frekari slysum,“ segir Jón Ásgeir. Að öðru leyti vísaði hann til þess að tilsjónarmenn PricewaterhouseCoopers ráði stjórnarsetum hans í félögum tengdum BG Holding, dótturfélags Baugs í Bretlandi, í dag.

Auk aðgerða skilanefndar Landsbankans tók Straumur yfir eignir Baugs í Danmörku á fimmtudag. Það eru verslanirnar Magasin du Nord, Illum og Day Mikkelsen.

Samkvæmt breska dagblaðinu Observers er Kaupping að íhuga að taka fataverslanakeðjuna Mosaic Fashions upp í skuldir, sem nema



DANSKA VERSLUNIN ILLUM Starfandi stjórnarformaður Baugs situr í stjórnun þeirra félaga sem skilanefnd Landsbankans gekk að veðum í í síðustu viku til að forða þeim frá frekari slysum.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

400 milljörðum króna. Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupplings, segir svo ekki vera. Unnið sé með félaginu að endurskipulagningu skulda.

Breska dagblaðið Guardian hafði í gær upp úr skýrslu PricewaterhouseCoopers, sem unnin var fyrir skilanefnd Landsbankans, að 150 milljónir punda, jafnvirði 25 milljarða króna, fáið fyrir eignir Baugs yrðu þær seldar í dag. Þetta jafngildir um einum sjöunda af skuldum Baugs gagnvart íslensku bönkunum sem nema um einum milljarði punda. Lánadrottinnar félagsins hafa

lýst því yfir að eignir verði ekki seldar í því árferði sem nú ríki á fjármálamörkuðum enda fengist lítið fyrir þær.

Jón Ásgeir segir mikilvægt að niðurstaða fáið í greiðslustöðvun Baugs í Bretlandi svo hægt verði að halda áfram þeirri vinnu sem lagt hafi verið upp með og skýra stöðuna.

Öllu starfsfólki Baugs hér á landi var sagt upp fyrir rúmri viku og tæpum helmingi í höfuðstöðvunum í Lundúnum í Bretlandi. Sextán starfa þar nú og hafa öll leitað fyrir sér á öðrum vettvangi. „Óvissan er algjör,“ segir Jón Ásgeir. Hann segir ljóst að saga Baugs sé öll þótt hremmingarnar ytra ættu ekki að hafa áhrif á félög tengd Gaumi, félagi fjölskyldu hans hér. Sjálfur viti hann ekki hvað biði sín.

jonab@frettabladid.is

Kosningabaráttan í Ísrael:

Mun ekki skila Gólanhæðum

ÍSRAEL, AP Benjamin Netanyahu, leiðtogi Likudflokksins sem flest bendir til að vinni þingkosningar sem fram fara í Ísrael í vikunni, lýsti því yfir í gær að ríkisstjórn undir sinni forystu myndi ekki taka í mál að skila Sýrlandi Gólanhæðum til að liðka fyrir friðarsamningum. Ísraelar hafa haldið hæðunum hernumdum síðan í stríðinu 1967.

Kosningabaráttan hefur verið tíðindalítil allt frá því kosningar voru boðaðar í nóvember, þar til nú að Netanyahu gripur til þessa ráðs til að freista þess að halda í hægrijaðarfylgi sem nýr harðlínuflokkur höfðar til.



Á FLÓTTA Tamílar á flótta frá átaka-svæðinu með föggur sínar við bæinn Vavuniya í gær.

Borgarastríðið á Srí Lanka:
15.000 óbreyttir
Tamílar á flótta

SRÍ LANKA, AP Fleiri en fimmtán þúsund óbreyttir borgarar á átakasvæði stjórnarhersins og Tamílatígranna nyrst á Srí Lanka hafa lagst á flótta undanfarna daga, að því er talsmaður stjórnsvalda í höfuðborginni Colombo greiðir frá.

Svo virðist sem stjórnarherinn sé í þann mund að hrekja vopnaða liðsmenn Tamílatígra frá síðustu vígjum sínum. Að sögn hersins var að minnsta kosti 21 skæruliði felldur um helgina.

Stjórnarherinn sakar skæruliða um að beita óbreyttum borgurum fyrir sig sem „mannlegum skjöldum“. Því neita talsmenn Tamílatígra.

Hálf níunda milljón í styrki:

Gegn kynbundnu ofbeldi

JAFNRÉTTISMÁL Félagasamtök sem sinna forvarnarkerfum gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnunum eða veita þolendum stuðning fengu tæpar 8,5 milljónir króna í styrki frá félags- og tryggingamálaráðherra á árinu 2008.

Meðal styrkþega eru Samtök um kvænnaathvarf, Stígamtót og Sólstafir, kvænnaathvarf á Vestfjörðum. Þá fengu Blátt áfram og Þekkingarsetur styrktarfélagsins Áss einnig styrk.

Minna kólesteról

Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem lækkar kólesteról í blóði.

Mikilvægt er að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því of hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma.



Ein flaska á dag dugar til að ná hámarksvirkni.

www.ms.is

Heilbrigðisráðherra segir erfiðan niðurskurð fyrirhugaðan í heilbrigðisþjónustu:

Eigum ekki annarra kosta völ

HEILBRIGÐISMÁL „Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu er lögbindingaður. Honum verður ekki breytt nema fjárlög verði tekin upp á ný. Þetta er ekki ljúft verk en við eigum ekki annarra kosta völ en að draga saman seglin,“ segir Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra.

Fyrirhugaður er 6,7 milljarða króna niðurskurður í heilbrigðisgeiranum á árinu. Ögmundur segir nauðsynlegt að finna leiðir til sparnaðar, svo sem með lækkun lyfjakostnaðar ásamt skipulagsbreytingum í stjórnsýslunni og tilhögun vinnu í heilbrigðisgeiranum.

Reynt verði eftir megni að láta niðurskurðinn ekki bitna á starfsfólki auk þess sem reynt verði að hlífa því starfsfólki sem hafi lágar tekjur á kostnað hinna.

„Ég hef sett fram þau pólitísku markmið sem eiga að tryggja heilbrigðisþjónustuna og aðgengi að henni. Þegar kemur að launakostnaði verður það gert með kjarajöfnun að leiðarljósi,“ segir Ögmundur og vonast eftir samstöðu um markmiðin.

Reynt verði að fá sem flesta að samningaborðinu



HJARTARITI SKOÐAÐUR Stefnt er að því að skera niður kostnað í heilbrigðiskerfinu um 6,7 milljarða króna í ár. Ekki ljúft verk, segir heilbrigðisráðherra.

til að ná markmiðunum fram. Þá verði horft til aðstæðna hverju sinni. „Það er sárt til þess að hugsa að heilbrigðisgeirinn hafi ætíð setið á hakanum og nú þurfi að skera þar niður,“ segir heilbrigðisráðherra.

- jab

Það hefði getað farið verr...

Endurnýjaðu öryggishnappinn án endurgjalds í febrúar og fáðu reykskynjara í kaupbæti.



Öryggishnappur eldri borgara

Öryggishnappur – armband eða hálsmen

Þegar þrýst er á öryggishnappinn berast boð strax til vaktmiðstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar.



Beintengdur reykskynjari

Öryggishnappnum fylgir reykskynjari sem er beintengdur vaktmiðstöð Öryggismiðstöðvarinnar.



Hringdu í **530 2400** og fáðu öruggari öryggishnapp!



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða eini seðlabankastjóri af þremur hafði bedíst lausnar frá embætti fyrir helgi?

2. Hvað hefur Gróttá komist oft í úrslit í bikarkeppninni í handbolta?

3. Hver tók kápu Rögnu Árna-dóttur dómsmálaráðherra í misgripum á föstudag?

Sigmundur Ernir Rúnarsson:

Fer fram fyrir Samfylkinguna

STJÓRNMÁL Fjölmiðlamaðurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í annað sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi. Hann staðfesti þetta í samtali við mbl.is á laugardag.

Sigmundi var sagt upp störfum á fréttastofu Stöðvar 2 fyrir skömmu. Árið 2007 skrifaði Sigmundur ævisögu Guðna Ágústssonar, þáverandi formanns Framsóknarflokksins.

Skaðræðisþurrkar í Kína:

Reyna að framkalla rigningu

KÍNA, AP Lítils háttar regn féll á hluta af Norður-Kína í gær, eftir að stjórnvöld höfðu látið herinn skjóta þúsundum eldflauga og fallbyssuskota með „regngerðarefnum“ upp í himininn í þeim tilgangi að framkalla rigningu. Verstu þurrkar í manna minnum þjaka íbúana á þessum slóðum.

4,4 milljónir manna er farið að skorta drykkjarvatn. „Það verður ekkert lát á þurrkunum um fyrirsjáanlegan tíma,“ sagði í tilkynningu frá kínversku veðurstofunni.

50-80 prósent minna regn en í meðalári hefur fallið í Norður- og Mið-Kína síðan í nóvember. Hálf vetrarhveitiuppskeran er í hættu í átta héruðum, að sögn Xinhua.

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur ekki skilað ársreikningum vegna 2007:

Fyrstu skilin reynast erfið

STJÓRNMÁL Hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Framsóknarflokkurinn hafa skilað ársreikningum vegna ársins 2007 til Ríkisendurskoðunar, þrátt fyrir að frestur hafi runnið út fyrir rúmlega fjórum mánuðum.

Skilin eru erfið í fyrsta skipti þar sem félagsárið í mörgum af félögum flokksins hefur verið frá hausti til hausts, en ekki almanaksárið, segir Sigfús Ingi Sigfússon, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins. Hann segir að ársreikningnum verði skilað fljótlega eftir helgi, og vinna við ársreikninga vegna ársins 2008 sé þegar hafin.

Tekið hefur talsverðan tíma að fá upplýsingar frá hátt í 200



ANDRI ÓTTARSSON SIGFÚS INGI SIGFÚSSON

aðildarfélögum, en vinnan er að klárast, segir Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hann segir að reynt verði að skila sem fyrst.

Stjórn mála flokkum er nú skylt

að skila ársreikningum til Ríkisendurskoðunar, samkvæmt lögum um fjármál stjórnmálaflokka, sem tóku gildi í ársbyrjun 2007. Þegar allir ársreikningar hafa borist Ríkisendurskoðun verða helstu upplýsingar úr þeim birtar. Aðrir flokkar hafa þegar skilað ársreikningum.

Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun segist reikna með því að skil vegna ársins 2008 gangi betur, enda megi alltaf búast við byrjunarörðugleikum. Eðlilegt sé að miða við að flokkarnir skili ársreikningum fyrir 1. júní næstkomandi.

- bj

Fleiri desembergestir:

Hótelgestum fjölga milli ára

FERDAPJÓNUSTU Gistinætur á hótélum í desember síðastliðnum voru um 58.800 og fjölgaði um tíu prósent frá því í sama mánuði í fyrra. Mesta varð fjölgunin á Austurlandi, eða um 32 prósent, og á höfuðborgarsvæðinu um þrettán prósent. Á Norðurlandi fækkaði gistinóttunum um 25 prósent, en annars staðar stóð hún nokkurn veginn í stað, að því er fram kemur á vef Hagstofunnar.

Gistinætur á hótélum fyrir allt árið 2008 voru tæplega 1.340.000, og fjölgaði um tvö prósent frá árinu 2007, þegar þær voru um 1.310.000.

- sh

Gálgafrestur frystra myntlána

Helstu bílalánafyrirtækin segja verst stöddu skuldarana enn njóta góðs af frystingum lána. „Erum að reyna að taka bílana ekki.“ Innköllun bíla hafi aukist, en teknir bílar hlaupi ekki á hundruðum.

EFNAHAGSMÁL Talsmenn helstu fjármögnunarfyrirtækja, sem hafa lánað til bílakaupa síðustu ár, segjast enn ekki hafa þurft að taka marga bíla aftur af skuldurum í vandræðum. Verst stöddu skuldunautarnir hafi kosið að frysta lán sín um tíma.

„Nei, við höfum ekki þurft að gera neitt óeðlilega mikið af því. Þetta er ekki komið fram ennþá. Við erum að reyna að taka bílana ekki og höfum því fryst lánin til fjögurra mánuða. Að því loknu ætlum við að frysta þau í fjóra mánuði til viðbótar,“ segir Helga Hermannsdóttir hjá Avant.

Fyrirtækið láti sér vaxtagreiðslur duga á meðan. Um 4.600 manns hafi fryst lán, af um 12.000 skuldurum. Helga sagðist ekki hafa nákvæma tölu um bíla sem hafa verið endurheimtir eftir efnahagshrunið, en skaut á að þeir væru innan við hundrað talsins.

En ástandið gæti versnað þegar fram vindur: „Margt fólk er á uppsagnarfresti og ekki enn orðið tekjulaust,“ segir Helga.

Jóhann Fannar Sigurðsson hjá Lýsingu segir að um 3.500 manns hafi fryst bílalán sín til þriggja mánaða og hafi þá greitt helm-ing afborgana. Eftir fyrstu frystingu sé í boði að greiða 75 prósent þeirra, en ekki allir nýti sér það.

Við erum að reyna að taka bílana ekki og höfum því fryst lánin til fjögurra mánaða.

HELGA HERMANNSDÓTTIR
TALSMANNAÐUR AVANT

Hann gefur ekki upp hve margir bílar hafi verið teknir af fólk, en segir í kringum fimimtíu bíla. Lýsing sé skráður eigandi að um 20.000 bílum.

Haraldur Ólafsson hjá SP-fjármögnun segir að endurheimt bíla hafi vissulega aukist en margir hafi fryst afborganahluta lána sinna og greiði því lægri fjárhæð mánaðarlega en þeir greiddu fyrir hrunið.

„Við erum ekki með fullt plan af bílum og hlutfallslega er þetta lítið, miðað við að við höfum lánað í um 24.000 bílum,“ segir Haraldur. Hann hefur þó ekki nákvæmar tölur um endurheimt-ur. Á heimasíðu SP eru 32 bílar til sölu.

Frysting lána hjá þeim sem fyrst fengu hana renni út 1. mars hjá SP, en þá verði farið í annars konar skuldbreytingu og varanlegri, eins og hann orðar það. Um hana má lesa hér til hliðar.

klemens@frettabladid.is



LÚXUSBÍLL Mörg þúsund bílar á götum landsmanna eru í eigu fjármögnunarfyrirtækja og bílstjórnarnir greiða af þeim reglulega. Þrjú fyrirtæki hafa lánað til kaupa á um 56.000 bílum. Bíllinn á myndinni tengist efni fréttarinnar ekki beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MYNTKÖRFULÁN MIÐUÐ VIÐ VERÐBÓLGU

Sp-fjármögnun ætlar nú að hætta að frysta afborganahluta lána, enda hafi þeir verið frystir í von um að krónan styrktist. Þá greiddi fólk einungis vexti og lánið lengdist.

Nýja kerfið miðast við að teknar eru upprunalegar afborganir af myntkörfuláninu, t.d. 40.000 á mánuði og miðað við ef slíkt lán hefði verið tekið í íslenskum verðtryggðum krónum. Þá er bætt ofan á 40.000 krónum 25 prósentum og afborgun verður því 50.000 á mánuði, í stað þess að vera mun hærri, til dæmis 80.000.

Með þessum hætti á skuldarinn að geta greitt inn á höfuðstólinn líka og skuldbreytingin er fólk að kostnaðarlausu. Hana má endurskoða, fari svo að króna styrkst.

Kellogg's Special K kemur mér á sporið

Við fjölskyldan borðum alltaf morgunmat, eins og t.d. Kellogg's Special K. Með vel samsettum morgunmati hættir mér miklu síður til að detta í óhollustu á miðjum morgni eða fituríkan skyndibita í hádeginu. Það er alltaf frábært að eiga gómsæta Special K stöng að grípa til, því þá þarf ég heldur ekki að hafa minnstu áhyggjur af því að innbyrða of margar hitaæiningar.



Mig langar til að ...

... geta verið löt að loknum vinnudegi þegar börnin eru sofnuð enda eru letiköst eitt helsta áhugamál mitt. Í sjónvarpssófanum með Kellogg's Special K bliss og góða bíómynd. Er það ekki bara allt í lagi?

Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður og móðir



ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – **Nú 79.900**

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – **Nú 79.900**

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – **Nú 49.900**



IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – **Nú 199.900**

Queen
Áður 189.900 – **Nú 149.900**

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900

Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur,
30% afsláttur,
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur



Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
Nú 499.000

20-25% afsláttur
af teppasettum
og húsgögnum
20% afsláttur
af svefnsófum



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Aðeins vantar herslumuninn í nauðsynlegum breytingum á æðstu stjórn efnahagsmála hér.

Umsátursástand í Seðlabankanum

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Undarleg staða er upp komin í efnahagsmálum landsins með því að tveir af þremur bankastjórum Seðlabanka Íslands ætla að draga lappirnar í nauðsynlegum umbótum sem hér er unnið að í efnahagsstjórninni. Deilur bankastjórnar Seðlabankans við ríkisstjórnina gera lítið fyrir trúverðugleika Seðlabankans. Trúverðugleika sem þó var lítill til að byrja með. Hlutverk Seðlabankans er að tryggja hér fjármálastöðugleika. Það mistókst.

Erlendir sérfræðingar sem fjallað hafa um íslenskt efnahagslíf og fall fjármálakerfisins hafa furðað sig á því að ekki skuli hafa verið skipt út stjórn Seðlabankans. Willem H. Buiter, prófessor við London School of Economics, benti réttilega á, í heimsókn sinni hingað til lands í síðasta mánuði, að trúverðugleiki íslensks fjármála- og efnahagskerfis verði ekki endurreistur á erlendri grundu nema að hér verði skipt um æðstu stjórnendur í peninga- og efnahagsmálum. Endurreist traust er svo ekki bara upp á punt heldur hefur það bein áhrif á hvaða kjör ríkinu og Seðlabankanum bjóðast í nauðsynlegum erlendum lántökum í endurreisnarstarfinu sem hér er fyrir dyrum.

Nýtt fólk er komið að borðinu í forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti og um mánaðamótin næstu taka nýir við stjórnartaumunum í Fjármálaeftirlitinu. Í Seðlabankanum ætla hins vegar tveir af þremur bankastjórum að sitja sem fastast. Óneitanlega vaknar spurningin um hverra hag þeir bera helst fyrir brjósti í þeirri ákvörðun sinni. Tæpast er það þjóðarhagur.

Um leið sýnir þessi tímabundna pattstaða í deilum ríkis- og Seðlabankastjórnar hversu mikilvægt það er að vanda til verks við setningu nýrra laga um stjórn Seðlabankans. Í frumvarpinu er hvergi gert ráð fyrir aðstoðarbankastjórum, sem er mjög óvenjulegt þegar horft er til þess hvernig málum er fyrir komið í þeim löndum sem við miðum okkur við. Komi til þess að seðlabankastjóri forfallist er ráð fyrir því gert að forsætisráðherra skipi nýjan í staðinn, í stað þess að varamaður taki við. Komi þessi staða upp á tímum þar sem reynir mjög á í samskiptum banka og ríkisstjórnar um stefnu í efnahagsmálum getur það orðið til að grafa undan sjálfstæði bankans.

Þá eru seðlabankastjóra færð mikil völd í hendur því samkvæmt frumvarpinu velur hann sjálfur þá sem sitja skulu í svonefndri „peningastefnunefnd“. Þótt góður maður geti sjálfsagt skipað góða peningastefnunefnd þá geta mönnum verið mislagðar hendur og jafnvel getur farið svo að misjafnir menn komist til valda. Lög sem hér eru sett um stjórn peningamála þurfa að vera víðtækari en svo að þau séu sniðin að lundarfari og mannkostum einhvers sem menn sjá fyrir sér að eigi að taka hér við stjórnartaumunum í Seðlabankanum. Horfa þarf lengra fram á veginn en svo.

Hitt er annað mál að ganga þarf rösklega til verks á þinginu til að skera megí á þann undarlega hnút sem upp er kominn í samskiptum bankastjórnar Seðlabankans og ríkisvaldsins. Óskandi væri að aðalleikarar í deilunni næðu að taka eigin persónu út fyrir sviga og höguðu gjörðum sínum í samræmi við þjóðarhag.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Þú þarft ekki heppni til að vinna!

VIÐ DRÖGUM
Á MORGUN
UM TUGI MILLJÓNA!

HAPPDÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Fáðu þér miða á www.hhi.is

75 ára
milljónir
á einni miða

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skeytasendingar

Engum dylt að skolið er á mikið stríð á milli sitjandi ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur og Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Stríðið hófst með athyglisverðu bréfi Jóhönnu til seðlabankastjóranna þriggja þar sem hún heimtaði afsögn þeirra. Gylfi Magnússon, nýr ópólitískur viðskiptaráðherra, tók svo upp þráðinn í þingræðu þar sem hann sagði Seðlabankann svo gott sem óstarfhæfan – svo rúinn væri hann trausti.

Einsdæmi

Davíð tyttar síðan Jóhönnu rækilega í svarbréfi sínu frá því í gær, sakar hana um

lögbrot, að vera ekki starfi sínu vaxin, segir að hún sé blinduð af hatrí og fari um með hótunum og áróðri. Þá líkir hann málflytningi hennar við nasisma þriðja ríkisins. Davíð segir bréf eins og það sem Jóhanna sendi honum vera „einsdæmi, ekki eingöngu hér á landi, heldur einnig um allan hinn vestræna heim.“ En hvað má þá segja um bréf Davíðs? Ætli það tíðkist víða að ópólitískir embættismenn skrifi svona til stjórnmalamála?

Talandi um hótunarbréf

Í febrúar 1996, sendi Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, Sverri Hermannssyni þá bankastjóra Landsbankans, bréf. Þá taldi Davíð, auk ann-

arra, lag til vaxtalækkana en þvert ofan í það mat hækkuðu viðskiptabankarnir vexti sína. Vegna þess skrifaði Davíð: „... en ef þið lagið ekki þvæluna, sem þið gerðuð í síðasta vaxtaóðagoti, er það endanlegt dæmi þess að þið vitið ekki hvað þið eruð að gera og þá mun ég sjá til þess fyrr en nokkurn grunar að menn komi að bankanum sem viti hvað þeir eru að gera. Ég vil fá svar frá þér annað en skæting í fjölmiðlum strax því ég mun ekki sitja lengur kyrr.“

Eftir að bréfið barst Sverri voru vextir Landsbankans lækkaðir.

stigur@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

Á Gnitaheiði

Daglega berast fréttir af uppgjöri fjármálastofnana og engu líkara en að ný keppni sé hafin hjá samkeppnishetjunum sem forðum áttu í metingi um stærstu jeppana, sniðugustu nöfnin á eignarhaldsfélögunum, hæstu turnana og asnalegust poppstjórnurnar í afmælunum. Nú er tekist á um það hver tapaði mestu.

Straumur-Burðarás hefur afgerandi forystu. Ekki hefur það félag nú reynst standa undir nafni; engum straumum hefur það veitt inn í þjóðlífið, nema kannski kampavíni. Burðarás reyndist hurðarás – um öxl þjóðinni.

Þessar allt að því glaðhlakkalegu taptilkynningar hljóma eins og tvígur gaurar að rifja upp fylleri helgarinnar með tilheyrandi gaurangangi.

Sem þetta náttúrlega var. Maður fær æ stærkar á tilfinninguna að íslensku fjármáladrengirnir í útlöndum hafi verið eins og spýtuatrakurinn Gosi á fyrsta skóladeginum – auðveld bráð Gengis-Kan-bræðrum og öðrum misindismönnum sem voru fljótir að leiða þessa einfeldninga með gyltigjöfum og glamúr beint inn í landið þar sem börnum er breytt í asna.

Hér heima var hins vegar pabbinn genginn af göflunum í örævni í Seðlabankanum og það sauð á Samviskunni hans Gosa – Vilhjálmi Bjarnasyni ...

Spýtuatrakar sum sé - eða kjánaprik að minnsta kosti og nefið bara lengdist. Uppgangur útrásargosanna, ofsi þeirra, algjört síðleysi og fullkominn skortur á samfélagsslegri vitund eða raunverulegu verðmætamati gefur okkur ástæðu til að horfast lengi og af djúpri alvöru í augu við okkur sjálf, því að þetta vitnar um einhverja grundvallarmeinsmíð í íslenskri menningu og samfélagi. Þessir drengir eru afurð íslensks sam-



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
Í DAG | Bölvun baugsins

félags. Þeir eru vitnisburður um íslenskt samfélag. Og siðrof þess.

Markahæstar: Sunna Jónsd. 8, Rebekka Skúlad. 7, Nataly Valencia 7 - Hildur Þorgeirsd. 10, Gunnur Sveinsd. 9, Ragnhildur Guðmundsd. 7.

Iceland Express karla

Snæfell-Breiðablik 99-73 (54-27)
Stig Snæfells: Jón Ólafur Jónsson 21, Hlynur Bæringsson 16 (6 frák., 6 stoðs.), Lucius Wagner 16, Atli Rafn Hreinsson 13, Sigurður Þorvaldsson 10, Slobodan Subasic 7, Magni Hafsteinsson 6.



Gler & Brautir
DALSHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI - SÍMI 517 1417
www.cover.is

Njótum allra sólarstunda í logni á svölunum

Boltinn er hjá okkur!

West Ham Man. City

27. feb. - 1. mars

Verð á mann í tvíbýli:

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótélgisting með morgunverði í 2 nætur.

Man. Utd. Portsmouth

27. feb. - 1. mars

Verð á mann í tvíbýli:

65.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótélgisting með morgunverði í 2 nætur.



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Breiddin kom Val í úrslit

Valsmenn og Gróttu leika til úrslita í Eimskipsbikarkeppni karla í handbolta eftir fjögurra marka sigur Valsmanna á FH-ingum í Vodafone-höllinni í gær.

HANDBOLTI Valsmenn mæta Gróttu í úrslitum Eimskipsbikars karla eftir sigur á FH, 29-25, á Hlíðar-enda í gær.

Eftir jafnar upphafsminútur náðu Valsmenn sjö marka forystu í fyrri hálfleik sem FH náði að minnka í fimm mörk fyrir leikhlé, 18-13.

Með mikilli baráttu, góðri vörn og markvörslu komust FH-ingar inn í leikinn og náðu að minnka muninn í eitt mark, 20-19, eftir tíu mínútna leik í seinni hálfleik en of mikill kraftur fór í að minnka muninn og með breiddina að vopni náði Valur að sigla fram úr og vinna að lokum öruggan fimm marka sigur, 29-25.

„Við leikum illa í einhverjar fimmtán mínútur í fyrri hálfleik og það er erfitt að saxa á þá. Við náum aðeins taktinum í seinni hálfleik en þetta er erfitt gegn þeim. Þeir eru skynsamir í sóknarleiknum og með góða vörn og markvörslu,“ sagði svektur Magnús Sigmundsson markvörður FH í leiklok.

„Það er engin skömm að tapa fyrir þessu liði, þeir áttu þetta meira en skilið í dag og voru betri.“

„Ég vil meina að við höfum tekið þetta á breiddinni. Það eru forréttindi að fá að vera með þennan hóp leikmanna,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari Vals í leiklok.

„Við vorum lélegir sóknarlega í seinni hálfleik og skutum Magnús í stuð. Svo náðum við að róa okkur



Í ÚRSLIT ANNAD ÁRIÐ Í RÖÐ Valsmaðurinn Sigurður Eggertsson fékk blóðnasir eftir högg en það spillti ekki fyrir sigurgleði hans í leiklok.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

niður og gerðum einfaldari hluti. Þetta small síðasta korterið og þetta var öruggt og þægilegt.“

Í Gróttu mæta Valsmenn gömlum félögum en með liðinu leika Ægir Hrafn Jónsson og Atli Rúnar Steinþórsson auk þess sem Ágúst Þór Jóhannsson þjálfar liðið.

„Ágúst er einn af mínum betri vinum og Ægir og Atli áttu frá-

bær ár hérna. Það verður hörku-leikur. Þeir eru besta liðið í fyrstu deildinni núna og eru mjög góðir. Við getum aldrei vanmetið einn né neinn. Við höfum átt í erfiðleikum með þessi svokölluðu minni lið. Svo er bikarúrslitaleikur alltaf bikarúrslitaleikur. Þá er bikar kominn á borðið og það snýst um hverjir vilja þetta.“

- gmi

Stórleikur Slavicu Dimovsku gegn Keflavík í gær:

Haukakonur deildar-meistarar með stæl

KÖRFUBOLTI Haukakonur eru deildarmeistarar í Iceland Express-deild kvenna eftir öruggan 15 stiga sigur á Keflavík, 82-67, á Ásvöllum í gær. Haukaliðið er þar með komið með átta stiga forskot á Keflavík þegar aðeins þrjár umferðir eru eftir og verða því með heima-vallarrétt út alla úrslitakeppnina.

Slavica Dimovska átti stórleik hjá Haukum og var með 31 stig, 9 fráköst og 8 stoðsendingar og þá átti Moneka Knight sinn besta leik til þessa. Auk þess að skora 7 stig og gefa 9 stoðsendingar þá átti hún mikinn þátt í því að halda Birnu Valgarðsdóttur í 4 stigum eða 19 stigum undir meðaltali sínu.

Haukar tóku völdin í öðrum leikhuta og gerðu nánast út um leikinn með því að skora 18 stig í röð og breyta stöðunni úr 28-22 í 46-22. Eftir það var þetta aðeins spurning um hversu stór sigurinn yrði.

Auk þeirra Slavicu og Moneku voru þær Guðbjörg Sverrisdóttir og Ragna Margrét Brynjarsdóttir góðar en fyrirlíðinn Kristrún Sigurjónsdóttir var í villuvandræðum.



ÓSTÖÐVANDI Haukakonan Slavica Dimovska átti stórleik gegn Keflavík á Ásvöllum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bryndís Guðmundsdóttir var besti maður Keflavíkur og Pálina Gunnlaugsdóttir átti finan seinni hálfleik og mikinn þátt í því að Keflavíkurliðið bjargaði andlitinu eftir að hafa lent mest 32 stigum undir í leiknum. Keflavík hefur nú tapað tveimur leikjum í röð en næst á dagskrá hjá liðinu er bikarúrslitaleikur gegn KR.

- 66j

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express kvenna

Haukar-Keflavík 82-67 (53-30)
Stig Hauka: Slavica Dimovska 31 (9 frák., 8 stoðs., 5 stolnir), Guðbjörg Sverrisdóttir 14, Kristrún Sigurjónsdóttir 12, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 11 (10 frák.), Moneka Knight 7 (9 stoðs., 3 stolnir), Helena Hólm 5, Sara Pálmadóttir 2
Stig Keflavíkur: Pálina Gunnlaugsdóttir 15 (12 frák., 5 stoðs.), Bryndís Guðmundsdóttir 13 (11 frák.), Marín Rós Karlsdóttir 10, Svava Ósk Stefánsdóttir 9 (7 frák., 5 stoðs.), Hrönn Þorgrímsdóttir 6, Rannveig Randversdóttir 5, Birna Valgarðsdóttir 4, Lóa Dís Másdóttir 3, Halldóra Andrésdóttir 2.
Hamar-KR 76-79 (37-36)
Stigahæstar: Lakiste Barkus 27 (10 frák., 6 stoðs.), Julia Demirer 24 (15 frák., 6 varin), Fanney Lind Guðmundsd. 11, Sóley Guðgeirsd. 9 - Margrét Kara Sturlud. 21 (9 frák., 6 stoðs.), Sigrún Ámundad. 17 (13 frák.), Hildur Sigurðard. 14 (5 stoðs.), Guðrún Gróa Þorsteinssd. 10.
Snæfell-Fjölnir 77-44 (41-24)
Stigahæstar: Kristen Green 26 (13 stolnir), Berglind Gunnarsd. 10, Björg Einarssd. 7 (6 stoðs.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 7, María Björnsd. 7 - Birna Eiríksdóttir 13, Hrund Jóhannsd. 12 (8 frák.).
Stigin í efri hluta: Haukar 32, Keflavík 24, KR 20, Hamar 18. **Stigin í neðri hluta:** Valur 18, Grindavík 12, Snæfell 8, Fjölnir 2.

Bandaríska háskólakarfan

TCU-Colorado State 71-59 (40-25)
Helena Sverrisdóttir var stigahæst á vellinum með 19 stig á 27 mínútum fyrir TCU auk þess að taka 7 fráköst og gefa 4 stoðsendingar. Helena nýtti öll 4 vitan sín og hefur hitt úr 31 viti í röð.

Manchester United tók toppsætið aftur af Liverpool:

Meistaramark Giggs

FÓTBOLTI Manchester United endurheimti toppsætið í ensku úrvalsdeildinni með 1-0 sigri á West Ham en tæpum sólarhring áður hafði Liverpool komist í efsta sætið eftir dramatískan 3-2 sigur á Portsmouth.

Ryan Giggs tryggði Manchester United áttunda 1-0 sigurinn í síðustu ellefu leikjum með glæsilegu einstaklingsframtaki á vinstri vængnum. Þetta var fyrsta mark-ið hans í úrvalsdeildinni í vetur. Edwin van der Sar hélt hreinu 13. deildarleikinn í röð og hefur nú haldið hreinu í 1.212 mínútur í ensku úrvalsdeildinni.

Hermann Hreiðarsson virtist ætla að hafa mikil áhrif í titilbar-áttu Liverpool og Manchester United þegar hann kom Portsmouth í 2-1 tólf mínútum fyrir leiklok en Fernando Torres átti eftir að segja sitt síðasta orð, fyrst lagði hann upp mark fyrir Dirk Kuyt og svo skoraði hann sjálfur sigurmarkið með skalla í uppbótartíma.

Bæði Kuyt og Torres höfðu komið inn á sem varamenn í leiknum. „Læknar liðsins sögðu mér að Torres, Alonso og Kuyt væru þreyttir og töldu það best að hvíla þá,“ sagði Rafael Ben-

ítez, stjóri Liverpool og bætti við. „Allir sigrar eru mikilvægir og sérstaklega þar sem við þurfum að vinna eiginlega alla leiki. Við gáfum þeim tvö mörk en við áttum skilið að vinna,“ sagði Benitez.

Afleitt gengi Chelsea á heima-velli hélt áfram með markalausú jafntefli við Hull og 2-0 útisigur Aston Villa á Blackburn þýðir að Chelsea er komið niður í fjórða sætið sjö stigum á eftir toppliði United. „Það verður mjög erfitt að ná Manchester United eins og þeir eru að spila núna,“ sagði Ray Wilkins, aðstoðarstjóri Chelsea, eftir leikinn.

Everton ætlar heldur ekki að gefa neitt eftir og nýi maðurinn Jo skoraði tvö mörk í 3-0 sigri á Grét-ari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton.

Kaup Manchester City á Craig Bellamy eru þegar farin að borga sig því hann skoraði sigurmarkið liðsins öðru sinni í þremur leikjum þegar City vann Middlesbrough 1-0. City er því farið að skríða upp töfluna þökk sé Bellamy.

Tíu leikmenn Arsenal náðu markalausú jafntefli á útivelli gegn erkifjendunum í Tottenham en Emmanuel Eboué var rekinn útaf á 37. mínútu leiksins fyrir heimskulegt brot. Andrei Arshavin var á bekknum en kom ekki við sögu í leiknum.



FRÁBÆRT SIGURMARK Ryan Giggs fagnar með Cristiano Ronaldo. NORDICPHOTOS/AFP

ENSKI BOLTINN

Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN-ASTON VILLA	0-2
James Milner (26.), 0-2 Gabriel Agbonlahor (89.), 0-2 Gabriel Agbonlahor (90.).	
CHELSEA-HULL	0-0
EVERTON-BOLTON	3-0
Mikel Arteta (39.), 2-0 Jo (48.), 3-0 Jo (90.).	
MAN. CITY-MIDDLESBROUGH	1-0
Craig Bellamy (51.).	
PORTSMOUTH-LIVERPOOL	2-3
David Nugent (61.), 1-1 Faibio Aurelio (68.), Hermann Hreiðarsson (77.), 2-2 Dirk Kuyt (84.), 2-3 Fernando Torres (90.).	
SUNDERLAND-STOKE	2-0
Kenwyne Jones (77.), 2-0 David Healy (90.).	
WEST BROMWICH-NEWCASTLE	2-3
Damien Duff (1.), 1-1 Marc-Antoine Fortune (3.), 1-2 Peter Lövenkrands (8.), 1-3 Steven Taylor (40.), 2-3 Marc-Antoine Fortune (72.).	
WIGAN-FULHAM	0-0
TOTTENHAM-ARSENAL	0-0
WEST HAM-MAN.UNITED	0-1
Ryan Giggs (62.).	

STAÐA EFSTU LIÐA

Man. United	24	17	5	2	41-10	56
Liverpool	25	15	9	1	42-17	54
Aston Villa	25	15	6	4	40-24	51
Chelsea	25	14	7	4	44-15	49
Arsenal	25	12	8	5	38-25	44
Everton	25	11	7	7	34-28	40

Haukakonur aftur á toppinn eftir sigur í Mýrinni: Ramune í banni í undanúrslitunum?

HANDBOLTI Haukakonur eru komnar aftur í toppsæti N1 deildar kvenna eftir 27-30 sigur á Stjörnunni í toppslag deildarinnar í Mýrinni á laugardaginn.

Haukaliðið kann greinilega vel við sig á heimavelli Stjörnnunar þar sem liðið er búið að vinna báða leiki sína í vetur en liðið fór einnig á toppinn eftir sigurinn í fyrri leiknum. Stjarnan er aftur á móti búin að vinna hina tvo sem fóru fram á Ásvöllum og í Laugardalshöllinni.

Haukar höfðu frumkvæðið nánast allan leikinn, voru 18-16 yfir í hálfleik og náðu mest sex marka forskoti í seinni hálfleiknum.

Haukaliðið komst yfir það að missa stórskyttuna Ramune Pekarskyte útaf með rautt spjald á 35. mínútu leiksins en hún fékk það fyrir sóknarbrot þar sem hún var talin hafa gefið Alinu Petrache olnbogaskot. Alina var allt í öllu í sókn Stjörnnunar og skoraði 13 mörk.



LEIKBANN Ramune Pekarskyte fékk umdeilt og hugsanlega dýrkeypt rautt spjald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, segist ætla að áfrýja rauða spjaldinu í viðtali á heimasíðu Hauka en standi rauða spjaldið verður Ramune væntanlega í leikbanni í undanúrslitaleik bikarkeppninnar þar sem Haukar taka á móti Stjörnunni á Ásvöllum næsta laugardag. - óóó

Þegar áfallið dynur yfir!

Morgunverðarráðstefna um áfallastjórnun og fyrstu viðbrögð þegar „hið óhugsanlega gerist“ verður haldin miðvikudaginn 11. febrúar næstkomandi, frá klukkan 8:00 til 10:15, í Gullteiði B á Grand Hótel.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur röð alvarlegra áfalla dunið yfir fjölda íslenskra fyrirtækja og stofnana. Góður orðstír og traust ímynd, sem tekið hefur langan tíma að byggja upp, getur hrunið á svipstundu. Sömuleiðis getur áfall og langvarandi streita í kjölfarið haft skaðleg áhrif á heilsu starfsfólks og vinnugetu og þá um leið á afkomu fyrirtækis. Því er það mjög mikilvægt að stjórnendur kunni að bregðast strax við til að lágmarka mögulegan skaða og geti skapað nýjar lausnir til framtíðar.

- 8:00 Skráning og morgunverðarhlaðborð.**
- 8:15** Fundarstjóri, **Hulda Gunnlaugsdóttir**, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss, setur ráðstefnuna.
- 8:30 Þegar DV hringir...** **Jón Hákon Magnússon**, framkvæmdastjóri KOM almannatengsla ehf., ræðir um áfallastjórnun, hrun ímyndar og viðbrögð við vondri frétt.
- 8:45 Í auga stormsins!** **Þórdís Jóna Sigurðardóttir**, framkvæmdastjóri Ráðgjafahússins ehf., ræðir um áfallaviðbrögð og miðlar af reynslu sinni.
- 9:00 Þetta þarftu að vita.** **Högni Óskarsson**, geðlæknir og eigandi Humus, ræðir langtímaáhrif áfalla á andlega og líkamlega heilsu og á vinnufærni og afkomu fyrirtækja.
- 9:15 Hvað getum við gert?** **Magnús Böðvarsson**, læknir og stjórnarformaður Vinnuverndar ehf., ræðir um fyrirbyggjandi aðgerðir á vinnustað.
- 9:30 Pallborðsumræður** – spurningar og svör. **Svali Björgvinsson**, starfsmannastjóri Kaupþings, stýrir umræðum. Þátttakendur: Frummælendur og stjórnandi.
- 10:15 Ráðstefnulok.**

Þátttökugjald er kr. 2.500. Vinsamlegast skráið þátttöku á kom@kom.is eða hringið í síma 540 8800.



KOM ALMANNATENGL / SVARTHVÍT

Fiskikóngurinn



20 ára gömul uppskrift

20 ára gamalt verð

SPARNAÐARRÁÐ

Kaupið ferskt fiskfars og steikið á pönnu. Frystið svo bollurnar. Bollurnar bragðast eins og nýjar þegar þær eru hitaðar í ofni. ATH. Bolludagurinn nálgast, hvað er betra en að eiga glænýjar bollur í frystikistunni.

Ath. Fiskikóngurinn er ekki keðja af fiskbúðum.

Heldur aðeins ein verslun rekin af Fiskikónginum sjálfum

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

> Simon Cowell

„Það er ekki andstyggilegt að segja laglausu fólki að það geti ekki sungið. Því er gerður stór greiði með því.“ Cowell er maðurinn á bak við Amercan Idol og einn dómaranna. Stöð 2 sýnir tvo þætti í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER MATARGAT

Lútfiskur er lostæti

Núna þegar langt er liðið á þorra geri ég mér æ betur grein fyrir því að góðærið hefur ekki einungis eyðilagt fjárhag landsmanna heldur erum við orðin afhuga því litla sem tilheyrir okkar menningu. Fyrst er þar að telja matarhefðirnar. Í forundran hlusta ég á upp-vaxna Íslendinga formæla því lostæti sem þorramaturinn er. Gegnsósa af rjómasósum og útlenskum ostaíðyfum hefur þjóðin gjörsamlega misst sambandið við uppruna sinn. Sjónvarpskokkar bera þarna einnig ríka ábyrgð.

Hvernig gerist það að fólk hættir að borða lostæti eins og til dæmis lundabagga? Lundabaggi var áður vefja úr endagörn ásamt mör og lambahjörtum eða lundum. Utan um þetta var saumuð þind, vinstur eða vambarkeppur. Ég get róað menn með því að upplýsa að í dag er önnur aðferð notuð, mun listugri. Notað er slag úr lambi, sem er vafið upp eins og rúllupylsa, það soðið og



siðan súrsað. Engin ástæða er til að velgja við bagganum góða.

Til að bregðast við ástandinu hef ég ákveðið að leggja mitt af mörkum til að kenna Íslendingum að borða. Ekki með því að hvetja til þess að þorramatur sé étinn í stórum stíl heldur með því að bæta við okkar matarhefð. Ég legg til að enn á ný verði leitað til Norðurlandanna eftir gómkítlandi lostæti. Þar er ýmislegt að finna sem er líklegt til að vinna þjóðlegum mat aftur þær vinsældir sem hann áður naut.

Lútfiskur kemur strax upp í hugann. Um er að ræða hertan fisk, oftast þorsk, sem er lagður í lýsólblandað vatn í um tvo sólarhringa, skolaður mjög vel í vatni og síðan soðinn og borinn fram með kartöflum og sinnepi. Einnig má baka hann í ofni. Lúturinn mýkir fiskinn en gefur honum um leið einkennandi sápubragð, sem er það eftirsóknarverða við þennan rétt. Lútfiskur er borðaður á jólum í Noregi svo þetta getur varla klikkað.

MÁNUDAGUR



► 19.05 Grindavík - KR, beint STÖÐ 2 SPORT



► 21.00 Heroes SKJÁREINN



► 21.15 Sporlaust (Without a Trace) SJÓNVARPIÐ



► 21.30 20 Good Years (8:13) STÖÐ 2 EXTRA



► 22.15 The Lost Room STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hanna Montana (20:26)
17.53 Sammi (11:52)
18.00 Kóalabæðurnir (75:78)
18.12 Herramenn The Mr. Men Show (39:52)
18.25 Fréttaukinn (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Margt má læra með tímanum (Exploring Time) (1:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum. Þættirnir fjalla um síthvað í náttúrunni og hvernig nota þurfi mismunandi tímakvarða til að skilja það og skynja. Sumt sést á degi, annað á viku, þriðja á ári, stundum þarf að hafa heilar aldir undir til að skynja breytingar og jafnvel milljónir ára, til dæmis hvað varðar rek meginlanda.
► 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (18:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.
22.00 Tíufréttir
22.20 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V)(e)
23.05 Spaugstofan (e)
23.30 Bráðavaktin (ER) (5:19) (e)
00.15 Kastljós (e)
00.55 Dagskrárlök

BÍÓ

06.05 Fallen: The Beginning Fyrsti hluti
08.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny
10.00 Ástríkur og víkingarnir
12.00 The Murder of Princess Diana
14.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny
16.00 Ástríkur og víkingarnir
18.00 The Murder of Princess Diana
20.00 Fallen: The Beginning Fyrsti hluti
22.00 Locusts: The 8th Plague
00.00 Primal Fear
02.10 Nine Lives
04.00 Locusts: The 8th Plague
06.00 In Good Company

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego Áfram!, Refurinn Pablo, Dynkur smá-eðla, Doddi litli og Eyrnastór og Ávintýri Juniper Lee.
08.15 Oprah
08.55 Í finu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (248:300)
10.15 Extreme Makeover: Home Edition (16:25)
11.15 Ghost Whisperer (28:44)
12.00 Grey's Anatomy (11:17)
12.45 Neighbours
13.10 The Family Stone
14.50 ET Weekend
15.35 BeyBlade
15.58 Galdrastelpurnar
16.23 Íkornastrákurinn
16.43 Lalli
16.53 Doddi litli og Eyrnastór
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Neighbours
17.58 Friends (13:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.24 Veður
19.35 The Simpsons (4:22) Í hrekkjavökupættinum verða Lisa og Bart fyrir ein-kennilegri geislavirkni. Þau breytast í ofurhetjur og gera það sem þau geta til að bjarga sjónvarpsstjórnunni Lucy Lawless úr greipum ofurillmennis.
20.00 American Idol (8:40)
20.45 American Idol (9:40)
21.30 Men in Trees (17:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit.
► 22.15 The Lost Room (2:6) Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótelherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér stað.
23.00 Réttur (4:6)
23.45 The Family Stone
01.25 Michel Vaillant
03.05 Code Breakers
04.30 Men in Trees (17:19)
05.15 Fréttir

SPORT besta sætið

07.00 Barcelona - Sporting Útsending frá leik í spænska boltanum.
14.25 Cleveland - LA Lakers Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
16.25 PGA Tour 2009 Sýnt frá Buick Invitational mótinu í golfi.
18.25 Atvinnumennirnir okkar Fjórdi í röðinni í þessari mögnuðu seríu er Grétar Rafn Steinsson sem leikur með Bolton á Englandi. Skyggnst verður á bak við tjöldin hjá Sigfríðingnum knáa.
► 19.05 Grindavík - KR Bein útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
21.00 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á AT&T Park í San Francisco.
22.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
22.30 Þýski handboltinn Hver umferð gerð upp í þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmeikvarða.
23.00 UFC Unleashed Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
23.40 Grindavík - KR Útsending frá leik í Iceland Express deildinni.
01.10 World Series of Poker 2008 Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum mæta til leiks.

SPORT 2 enski boltinn

07.00 West Ham - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífín á einum stað.
18.45 PL Classic Matches Chelsea - Arsenal, 1997. Frábærir leikmenn voru í liðunum svo sem Zola, Tony Adams, Ian Wright og Dennis Bergkamp.
19.15 Tottenham - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífín á einum stað.
22.00 Coca Cola mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaðætti.
22.30 Portsmouth - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.55 Vörutorg
17.55 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
18.40 Game Tívi (1:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
19.20 Charmed (20:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynningmagnaðar órlaganomir. (e)
20.10 One Tree Hill (3:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Lucas snýr aftur frá Las Vegas og fær sorgarfréttir. Nathan og Haley eiga í erfiðleikum með að útskýra dauðann fyrir Jamie.
► 21.00 Heroes (9:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfírátturlegum hæfileikum. Hiro ferðast aftur í tímann og fylgist með Arthur Petrelli síðustu dagana áður en hann dó. Meredith er í þjálfun hjá Thompson en bróðir hennar setur strík í reikninginn.
21.50 CSI (4:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
23.30 Californication (1:12) Bandarísk þáttaröð um rithöfundinn Hank Moody sem er hinn mesti syndasalur. (e)
00.05 Painkiller Jane (1:22) Spennandi þáttaröð um ódrepanði hörkukvendi. (e)
00.55 Vörutorg
01.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



13. - 14. febrúar 2009

Vetrarhátíð
í Reykjavík

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00
American Idol

Vinsælasti skemmtipáttur veraldar snýr aftur áttunda árið í röð og betri en nokkru sinni fyrr. Draumur sjö söngvara hefur ræst og allir hafa slegið í gegn, selt milljóniir platna, bætt met og sungið sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar. Síðasti sigurvegari, rokkarinn David Cook, gaf nýverið út sína fyrstu plötu og er hún einmitt meðal þeirra allra vinsælustu vestanhafs í dag. Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna hófst í síðustu viku, en til þess eru mætt til leiks sem fyrr Simon Cowell, Randy Jackson og Paula Abdul. Þeim til fulltingis í fyrsta sinn í sögu American Idol er fjórði dómari en í hóp þeirra bættist söngkonan, lagahöfundurinn og mús-íkmögullinn Kara DioGuardi. Það er því fullvist að eitthvað nýtt og óvænt muni gerast í nýrri seríu af American Idol. Áheyrnarprufum er nú lokið og Hollywoodvikan tekinn við. Ungu og upprennandi söngstjarnanna biður nú þá erfiða verkefni að sanna fyrir dómnefndinni að þau eigi skilið áframhaldandi sæti í keppninni.



**► VIÐ MÆLUM MEÐ
C.S.I.**

SkjárEinn kl. 21.50

Bandarískir þættir um störf rannsókn-
ardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
Ung kona er myrt skömmu eftir að
henni er hent út af næturklúbbi. Við
rannsókn málsins kemur í ljós að
pabbi fórnarlambins er stórættu-
legur og eftirlýstur glæpaforingi.

 **RÁS 1** FM 92,4/93,5

- 06.38** Morgunvaktin
- 06.40** Veðurfregnir
- 06.50** Bæn
- 07.03** Auðlindin
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.11** Morgunstund með KK
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.05** Okkar á milli
- 09.45** Morgunleikfími
- 10.03** Veðurfregnir
- 10.13** Stefnumót
- 11.03** Samfélagið í nærmýnd
- 12.02** Hádegisútlarp
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.45** Veðurfregnir
- 13.00** Vilt og breitt

- 14.03** Bak við stöjurnar
- 15.03** Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
- 15.30** Lostafulli listræninginn
- 16.00** Síðdegisfréttir
- 16.13** Hlaupanótan
- 17.03** Viðsjá
- 18.00** Kvöldfréttir
- 18.16** Spegillinn
- 19.00** Endurómur úr Evrópu
- 20.00** Leynifélagið
- 20.30** Kviká
- 21.10** Lárétt eða lóðrétt
- 22.07** Veðurfregnir
- 22.12** Lestur Passíusálma hefst
- 22.18** Ársól
- 23.08** Á tónsviðinu
- 00.07** Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp
tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latíabær / Fjölskyldu útvarp **FM 105,9** Lindin /
Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 102,9** Útvarp Boðun
/ Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Rádió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (120:260)

16.30 Hollyoaks (121:260)

17.00 Seinfeld (1:5)

17.25 E.R. (23:25)

18.10 My Boys (19:22)

18.30 20 Good Years (8:13)

19.00 Hollyoaks (120:260)

19.30 Hollyoaks (121:260)

20.00 Seinfeld (1:5) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

20.25 E.R. (23:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og lækna-
arnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarð-
anir upp á líf og dauða.

21.10 My Boys (19:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

➤ **21.30 20 Good Years** (8:13) Frumleg-
ir og ferskir gamanþættir um John Mason og
Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugast
getur. Það eina sem þeir eru sammála um er
að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru stað-
ráðnir í því að nýta þau til hins ýrasta.

22.00 Réttur (4:6) Ný leikin spennubáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækna og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmennsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.

22.45 Cold Case (6:23)

23.30 Mad Men (8:13)

00.15 Sjađu

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

20.00 Hrafnaping Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Fasteignamarkaðurinn í helkulda, hvernig afþýðum við hann? Fasteignasalar og fulltrúi frá Íbúðalánasjóði skoða málin.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Kynin og kynlíf er umræðuefnið en gestur er Jóna Ingibjörg Jónsdóttir.

21.30 Ármann á alþingi Ármann Kr. Ólafsson ræðir við Harald Sverrisson.

DR 1

12.20 OBS **12.25** Godt arbejde **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Max **15.00** Family Guy **15.30** Braceface **15.55** Mox og kakerlakkerne **16.00** Troldeperle **16.15** Robotboy **16.30** Den travle by **17.00** Afreshoweret **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Afreshoweret med Vejret **18.30** Guld og grønne skove **19.00** Sancho - den foreldreløse odder **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalkommissær Foyle **22.40** OBS **22.45** Typisk dansk

12.00 NRK heret 12.05 Berlin, Berlin 12.30
 Verdensans 12.45 VM alpine 14.00 NRK nyheter
 er 14.05 Par i hieret 15.00 NRK nyheter 15.10
 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat
 - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40
 Måndat-iv - Samisk barne-tv 16.55 Nyehter
 på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25
 Vennene på Solfeikken 17.40 Distriktsnyheter
 18.00 Dagsgrevnen 18.30 Pluss 18.55 Si ja, bli min
 19.25 Redaksjon En 19.55 Distriktsnyheter 20.00
 Dagsgrevnen 21 20.30 VM-vel 20.45 Livet
 Fagervik 21.30 Store Stue 22.00 Kveldsnytt
 22.15 Inspektør Løvly 23.45 Nytt på tv

10 SVT 1

10.00 Slut på tystnaden	11.00 Rapport	11.05 Nyheter
Medelstefelövningen	12.40 Radiohjälpen	12.50 Nyheter
Alpint	14.15 Sportspegeln	15.00 Rapport
Gomorrön Sverige	15.55 Alpint	16.55 Sportnytt
17.00 Rapport med A-ekonomi	17.10 Regionala nyheter	17.15 Fråga doktorn
18.00 Kulturnyheterna	18.15 Regionala nyheter	18.30 Rapport med A-ekonomi
19.00 Stormen	20.00 Diplomaterna	20.30 Öga mot öga
21.00 Förtvivlans gränser	22.00 Kulturnyheterna	22.15 Skavlan
23.15 Nip/Tuck	00.00 Sändningar från SVT24	



HVAD SEGIR MAMMA?



„Arnar hefur sungið frá fyrsta degi og ég er virkilega stolt af honum. Ég er afar ánægð með að hann hafi staðið með samvisku sinni og ekki sviðið gefin loford.“

Carola Ida Köhler, móðir söngvarans Arnars Jónssonar, sem þurfti að gefa Idol-drauminn upp á bátinn vegna þátttöku sinnar í Eurovision. Hann var kominn í tuttugu manna lokahóp en var rekinn af skipuleggjendum Idol því þátttaka hans í Eurovision-úrslitunum þótti skarast of mikið við Idolíð.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. bauti, 6. hvort, 8. sægur, 9. veiðarfæri, 11. ullarflóki, 12. traðk, 14. drabb, 16. karlkyn, 17. stilla, 18. umfram, 20. frú, 21. fimur.

LÓÐRÉTT 1. mynt, 3. kringum, 4. undirbúningspróf, 5. titill, 7. frísklegur, 10. mál, 13. meiddli, 15. maður, 16. kóf, 19. bókstafur.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. sent, 3. um, 4. forpöf, 5. frú, 7. ferskur, 10. tal, 13. mar, 15. karl, 16. kaf, 19. ká.
LÁRÉTT: 2. buff, 6. ef, 8. mor, 9. net, 11. rú, 12. tramp, 14. slark, 16. kk, 17. ró, 18. auk, 20. fr, 21. frá.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1.

Ingimundur Friðriksson.

2.

Þetta er fyrsta skiptið.

3.

Össur Skarphéðinsson.

Quiznos Sub

Nýbýlavegi 32

Lambasamloka með bernaise



2009

MÍN BORG



Skoðaðu
MÍN BORG
ferðablað
Icelandair
á www.visir.is

ICELANDAIR

WWW.ICELANDAIR.IS

Ráðherrar VG ætla að virkja fæturna

Þegar fjórir nýir Vinstri grænir ráðherrar settust í ylvoga stóla fylgdu ráðherrabílar og einkabílstjórar með. Ráðherrarnir ætla allir að nýta sér fríðindin en með mismunandi hætti þó. Göngutúrar eru þeim ofarlega í huga. „Ég hef nú ekki leitt mikið hugann að þessu ennþá. Þar sem ég gegni tveimur ráðuneytum eru tveir fastráðnir bílstjórar og einhverjir bílar til staðar,“ segir Steingrímur J. Sigfússon sem er bæði fjármálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. „Ég mun ugglaut nota bíl og bílstjóra eitt-hvað en gjarnan líka keyra sjálfur,“ bætir Steingrímur við. „Bíll og bílstjóri munu áfram nýtt í þágu ráðuneytis, stundum undir

sjálfan mig, stundum undir aðra,“ segir heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra sér líka fram á einhvers konar blöndu. „Ég er stoltur eigandi Nissan Almera, árgærd ’99, sem er mín einkabifreið.“ Audi A6-bifreið ráðuneytisins er því mikil breyting í hennar bílamálum. „Ég geng reyndar sem oftast í vinnuna og ætla að reyna að halda því áfram.“ Flunkunýr umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, fær Lexus RX400H, svokallaðan blendingsbíl, til afnota. Hún nýtir sér hann. „Ég mun hins vegar einnig leitast við að halda í þær góðu venjur sem ég hef komið mér upp, sem er að ganga mikið og hjóla milli staða.“ - drg



GENGID TIL PINGS
Ögmundur og Steingrímur nýttu sér góða veðrið og gengu til Alþingis á föstudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Óskar ásamt stjórnum tveimur, þeim Paul Ben Victor og Frances Fischer sem er barnsmóðir Íslandsvin- arins Clint Eastwood. Fyrir miðju er síðan leikstjórinn Gary Bloomsack.

ÓSKAR EIRÍKSSON: FÆR ÞRJÁR TILNEFNINGAR TIL LEIKHÚSVERÐLAUNA LA FRAMLEIÐIR LEIKRIT MEÐ TITANIC-STJÖRNU Í LOS ANGELES

Leikverkið Sexy Laundry er tilnefnt til þrenna verðlauna hjá tímaritinu LA Weekly en það þykja virtustu leikhúsverðlaunin í Englaborginni. Einn framleiðandi verksins er Íslendingurinn Óskar Eiríksson og hann var að vonum ákaflega glaður yfir þessum fréttum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta eru víst stærstu verðlaunin í borginni þótt þau telji lítið á ameríska vísu,“ segir Óskar og er þar að vísa meðal annars til Tony-verðlaunanna sem eru hálfgerð Óskarsverðlaun fyrir bandarískt leikhúsfólk. Í LA er þó urmullinn allur af leikhúsum og þar er mjög blómlegt leikhúslíf þótt allra augu beinist að sjálfsögðu að kvik-

myndaframleiðslunni í Hollywood. Sexy Laundry er tilnefnt sem besti einleikurinn, besti leikstjóri einleiks og besta leikmyndin. Óskar hefur fengist við leikhúsframleiðslu á Íslandi, setti upp Hundrað prósent hittni með Helgu Brögu fyrir nokkrum árum og hafði veg og vanda af komu munda sem settu á svið mikið sjónarspil í Laugardalshöllinni. Undanfarin tíu ár hefur hann þó alfarið einbeitt sér að útlöndum og framleiðslu leikverka erlendis. „Maður kannski hálfskammast sín fyrir að segja þetta, en maður er bara í útrás. Kannski er það allt í lagi þegar maður í leikhúsbransanum,“ segir Óskar og hlær. Samstarfsaðilar Óskars í Sexy Laundry eru ekki af verri endanum; William Morris-umboðsskrifstofan og The Netherlands, einn stærsti leikhúsframleiðandi Bandaríkjanna.

„Þeir eiga nú leikhús á Broadway og eru með leikhús um öll Bandaríkin,“ segir Óskar sem hefur mörg járn í eldinum, á meðal annars Evrópuréttinn að söngleiknum Menopause, söngleik um breytingaskeið kvenna, sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum og Ástralíu. „Ég reikna með að setja hann upp í Bretlandi, Skandinavíu, Þýskalandi og á Spáni á næstu mánuðum og misserum,“ segir Óskar og útlókar ekki að verkið rati jafnvel alla leið til Íslands. Hið sama á við um Sexy Laundry, Óskar vonar að það verði sett upp á Íslandi. Verkið fékk frábæra dóma í Varitey þegar það var frumsýnt en aðalleikararnir tveir eru þau Frances Fischer, sem lék meðal annars vondu mömmuna í Titanic og Paul Ben Victor, einn aðalleikaranna úr sjónvarpsþáttunum Entourage. freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Popparar fagna nú mjög sigri sem **Jakob Frímann Magnússon**, formaður FTT, náði eftir áratuglanga baráttu dægurtónlistarsmiða að gjöld til STEF fyrir útvarpsspilun tónlistar færu ekki eftir því hvort flokka megi hana sem æðri eða óæðri eftir atvikum. Má heita magnað að ekki hafi fyrr tekist að hnika þessu kerfi og talsmönnum „æðri tónlistar“ en svona hefur þetta verið í kvartöld. Eins og Árni Matthíasson bendir á í grein í Morgunblaðinu í gær þá eru nú greiddir sextán punktar fyrir lag Páls Ísólfssonar við ljóð Davíðs Stefánssonar, Brúðarskóna, meðan Þórir Baldursson fær aðeins sex.



Lífið leikur við fólk hans Sigmundar Ernis Rúnarssonar það sem hann kallaði til sem fasta liði í þáttinn Mannamál á Stöð 2 – sem reyndar hefur verið sleginn af. Einar Kárasen hlaut loks hin íslensku bókmenntaverðlaun, **Katrín Jakobsdóttir** er orðin menntamálaráðherra og loks fékk Gerður Kristný þriggja ára starfs- laun rithöfundu. Sigmundur ætlar sér í pólitíkina og hlýtur þetta að lofa góðu fyrir frama hans þar: Sigmundur hefur augljóslega nef fyrir því að fá til liðs við sig fólk sem býður af sér þann þokka að þeir sem um véla vilja verðlauna það og sæma vegtyllum.

Ög meira af stjórnmálum og málefnum tengdum þeim. Vaka vann „stórsigur“ á keppinautum sínum Röskvu í háskóلاكosningunum í síðustu viku. Nokkuð sem kom mörgum á óvart enda blása nú vinstri-sinnaðir vindar um landið. Lista Röskvu leiddi Sigurður Kári, sonur **Árna Þórs Sigurðssonar**, þingmanns VG. Sem mörgum þykir nokkuð skundið því flokksystir hans, Katrín Jakobsdóttir, á einmitt son sem heitir Illugi Gunnarsson. Kannski eillítið hægrisinnaðir nöfn á þessum erfingjum þingmannanna.



- fgg, jbg

Semur dansa fyrir Eurovision

Danshöfundurinn Stella Rósenkranz er í óða önn að undirbúa upphafsatriðið í Eurovision um næstu helgi. Mikið verður lagt í það enda koma þar fram Eurovision-stjórnumar Friðrik Ómar og Regína Ósk. „Við leggjum allt í að þetta verði flott,“ segir Stella, sem samdi einnig danssporin fyrir lagið Lygin ein sem keppir einmitt í úrslitunum. Áður hefur hún samið dansa fyrir flytjendur á borð við Haffa Haff og Nylon og er því margreynd í faginu, auk þess sem hún er yfirkennari í dansstúdíói World Class. Hún segir ákaflega misjafnt hversu langan tíma taki fyrir sig að semja dansspor. Lagið sjálft hafi mikið að segja. Taktföst lög sem gefa til kynna eitt-hvað drungalegt eiga til að mynda auðvelt með að veita henni innblástur. „Svörtu hliðinni í mér finnst kannski skemmtilegra að koma fram. Það er styttra í hana,“ segir hún. - fb

STELLA RÓSENKRANZ
Stella undirbýr upphafsatriði úrslitanna í Eurovision.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Nýtt tákn um gæði

Við erum á tánum í dag – fyrir þig



Semdu við okkur um verð

Nýtum það sem við eigum
Endurnýtum gjaldeyrinn
Kaupum notaðan bíl
Komdu í Brimborg í dag

Áfram Ísland



Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

-15%



Ford Fiesta Trend
1,4 bensín beinskíptur 5 dyra
Fast númer TJ195
Skrd. 06/2007. Ek. 45.000 km.
Ásett verð 1.950.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 1.650.000 kr.

-15%



Ford Focus Trend
1,6 bensín beinskíptur 5 dyra
Fast númer TL619
Skrd. 12/2005. Ek. 55.000 km.
Ásett verð 2.060.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 1.760.000 kr.

-15%



Ford Escape XLS AWD
2,3 bensín sjálfskíptur 5 dyra
15" álfelgur, dráttarbeisli ofl.
Fast númer RM450
Skrd. 07/2005. Ek. 24.000 km.
Ásett verð 2.560.000 kr.
Afsláttur 380.000 kr.
Tilboðsverð 2.180.000 kr.

-7,5%



Ford Edge SEL Plus AWD
3,5 V6 bensín sjálfskíptur 5 dyra
Fast númer JG183
Skrd. 04/2007. Ek. 25.000 km.
Ásett verð 5.400.000 kr.
Afsláttur 410.000 kr.
Tilboðsverð 4.990.000 kr.

-15%



Ford Mondeo Ghia
2,0 bensín sjálfskíptur 5 dyra
Fast númer RU314
Skrd. 12/2006. Ek. 23.000 km.
Ásett verð 2.890.000 kr.
Afsláttur 440.000 kr.
Tilboðsverð 2.450.000 kr.

-15%



Ford Escape XLT AWD
3,0 V6 bensín sjálfskíptur 5 dyra
16" álfelgur, skyggðar afturrúður ofl.
Fast númer LJ786
Skrd. 06/2006. Ek. 27.000 km.
Ásett verð 3.090.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 2.630.000 kr.

-10%



Ford Expedition Limited 4x4
5,4 V8 bensín sjálfskíptur 8 manna
Leður, sóllúga, rafrátturhlari ofl.
Fast númer EJY98
Skrd. 07/2007. Ek. 28.000 km.
Ásett verð 6.890.000 kr.
Afsláttur 690.000 kr.
Tilboðsverð 6.200.000 kr.

-16,5%



Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4
4,6 V8 bensín sjálfskíptur 4 dyra
Fast númer ZV322
Skrd. 05/2007. Ek. 24.000 km.
Ásett verð 4.170.000 kr.
Afsláttur 690.000 kr.
Tilboðsverð 3.480.000 kr.

Semdu við okkur um gott verð

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu
notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is
og sannreynðu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.

Notað
Eingöngu bílar sem
sérfræðingar Ford
mæla með



www.lyfja.is

Opið sjö til tvö
Lyfja Lágmúla



ÞÓRHILDAR ELÍNAR
ELÍNARDÓTTUR

Leynifélagið mikla

Af því nú er í blankheitunum hvarvetna talað um endurskoðun á gildum hlaut boðskapurinn loks að síast svolítið inn. Samt ekki fyrr en ég hafði á haustmánuðunum hræðilegu farið ofan í saumana á heimilisbókhaldinu og íhugað ýmsar sparnaðarleiðir í daglega lífinu. Fyrir einfalda sál með hófleg umsvif var það fljótafgreitt og þá var sumsé komið að umræddri endurskoðun á gildum.

EFTIR að hafa gert úttekt á gæðastundum fjölskyldunnar, lagt áherslu á innihald fremur en umbúðir og hafið áttak í persónulegu frumkvæði í félagslífinu hefði tilveran átt að vera komin í fint form; heimilsbókhaldið þekkt stærð og tilfinningalegar þarfir uppfylltar massíft. Ennþá vantaði samt eitthvað, dularfulla lífsfyllingu sem næstum allir í kringum mig nutu og ekki ég. Vinir og kunningjar voru búnir að uppgötva nýja vidd í veröldinni og jafnvel mestu félagsskítarnir gátu skyndilega slengt fram alls kyns privat upplýsingum um framvindu lífsins hjá fjölda fólks. Þótt ég þráðist við mánuðum saman endaði síðasta risaæðlan auðvitað eins og allar hinar og loksins er ég komin með rafræna útgáfu af sjálfri mér á veraldarvefnum.

FRÁ fyrstu stund leið mér eins og ég væri meðlimur í leynifélagi, svo mikill var spennungurinn yfir þessu skilgetna afkvæmi eirðarleysisins, fésbókinni. Auk þess að vera ánetjandi eins og sum harðari fíkniefni er hún í þokkabót ókeypis. Fyrsti skammturinn frír. Sem nýr neytandi er ég reyndar ósköp aumingjaleg miðað við dugnaðarforkana sem hlaða daglega niður haugum að vinum, myndum og hnyttum athugasemdum og eiga aðdáun mína alla.

FÉSID kallar á daglega athygli og minnir að því leyti á japanska tölvugæludýrið sem mörg börn áttu einu sinni, litla kvikindið sem gargaði á umönnun allan sólarhringinn og breytti heilu fjölskyldunum í sakbitnar taugahrúgur. Munurinn er aðeins sá að óumflýjanleg vanræksla á japanska dýrinu var privat og útför þess fór fram í kyrrþey. Viðstöðulaust ætlast fésbókin til að ég skrifi eitthvað næstum opinberlega um sjálfa mig í þriðju persónu og hafi endalausar skoðanir á því sem aðrir gera. Ég er fljót að læra. Eftir aðeins eina viku skilgreini ég hugsanir, gjörðir og tilfinningar bara út frá því að þær rúmist í aggalitlu textaboxi.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 9. febrúar, 40. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.42	13.42	17.43
Akureyri	9.37	13.27	17.17

Heimild: Almanak Háskólans



Berlín er brilljant!

Peir sem hafa heimsótt Berlín vita að þar finna sér allir eitthvað við hæfi. Hvort sem þú vilt taka þér frí frá íslenska vetrinum, auðga andann eða fara út á lífið, þá skaltu taka stefnuna á Berlín.

Bókaðu núna á www.icelandexpress.is - þú hefur gott af því að skella þér út!

Frábær ferð til Berlínar

6.-9. mars

Verð á mann í tvíbýli

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli með morgunverði og akstur til og frá flugvelli.

Páskaferð til Berlínar

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

6.-13. apríl

Verð á mann í tvíbýli

119.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Nánar á www.expressferdir.is og í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Iceland Express

með ánægju